

Fundur 8.12.2025 María mey.

Góða kvöldið.

*Góða kvöldið.*

Heilsa ég ykkur í kærleikans nafni, vona ég að ég komi fram nafni mínu hér í kvöld. Er það ekki nógu oft sem ég kem fram á gömlu jörðinni, en er það ætíð ánægjuefni og hef ég reynt að koma fram á ykkar fundi, hef ég ekki getað nefnt nafn mitt nema stutta stund, en hef þó reynt að senda orku og skilaboð, en viðtökur misgóðar.

Eru hér margir með okkur og mikil er orkan og tölum við frá stjörnusambandsstöð og stend ég utan við ýmislegt sem áður tilheyrði mér, og leyfði ég mér að tala frjállega til ykkar eins og annara, og hef ég talað til margra, þótt ekki hafi allir kannast við mig eða þekkt mig með nafni.

Líður að þessi tími og er mér það ætíð hugstætt sem gerðist og gleymi ég því aldrei og held ég mikinn trúnað við gömlu jörðina mína og ykkar og fólkið gamla á jörðinni, gamla mannkynið mitt, og

*Ekki ert þú Jesús ?*

Nei ekki er það nú alveg, en nálægt.

*Ok. Jóhannes ?*

Nei, ekki er það nú alveg, María mey.

*Já þú ert eins nálægt Jesú og þú gast verið.*

Já,

*Móðir hans.*

Já,

*Já já þú hefur komið til okkar.*

Já, já ég hef gert það og fagna ég því ævinlega og vona ég að mér takist að koma fram hér erindi mínu um ævina og fyrirgefninguna og íhugun, andlega íhugun og framtíðar tímana.

Erum við hér í sambandi við kínverskan speking sem við ykkur hefur talað og fleiri aðila og erum að reyna að senda blessunarorku til jarðarinnar gömlu og höfum hægt á þessum umskiptum í samvinnu við æðri mannkyn og reynum að gera.

Já vert er að hugsa til fortíðarinnar því ekki er alltaf unnt að lýsa framtíðinni og fortíðin geymir góð minni og góðar sögur um kærleika og samstöðu mannanna á jörðinni og er það efniviður til að halda sér í og eiga það margir sameiginlegt og kann ég það vel að meta og styrkist ég ævinlega á trúarbrögðum þessum og af því góða sem af þeim hefur hlotist og þótt ekki allt sé rétt í sögunum gömlu, styrkja þær okkur og kærleikann, það sem vel er ritað og rétt eftir haft og ættu allir jarðarbúar að eiga þess kost að njóta jólanna og finna fyrir þeim góða kærleik sem í þessu fellst.

En margt var þó öðruvísi í sögunni, en fer ekki út í það að sinni, en vildi ég efla og hvetja son minn til að koma í sambandi til ykkar, veit ég ekki hvort það tekst í bráð, en ýmislegt um það að segja.

Hef ég mikið verið að starfa með því fólki sem vill hafa umskipti jarðarbúa sem þægilegust og koma með spádóma sem vara við framtíðinni og, orkan ekki nægileg hér í kvöld, en ég, hátíð okkar fer saman með við heiðnar hátíðir að vísu og lasta ég það ekki neitt, en var margt í sögu okkar rétt skráð og átök við föðurrinn og fyrirgefa föðurnum og önnur trúarbrögð, næ ekki að koma þessu í gegn.

Næ ekki að koma þessu í gegn að sinni. Tala frá mikilli stjörnusambandsstöð, er ég frjáls undan fortíðinni að miklu leiti og er hér frá ótal mörgu að segja í framlífi og hef ég aðeins komið því fram að örlitlu leiti enn þá meðal ykkar og annara.

Verð ég nú að hætta, þakka ég fyrir góðar viðtökur og vil ég leyfa eina eða tvær spurningar.

*Má ég spurja, hvert fóruð þið eftir krossfestinguna ?*

Já Frakklands.

*Já fóruð þið til Frakklands og Jesú var ekki látinn ?*

Nei,

*Ok og hann eignaðist börn ?*

Já já, það er gaman að það kemur fram aftur.

*Já. Og voru þessir afkomendur hans áfram í Frakklandi ?*

Um nokkurt skeið og fóru svo víðar, og við fórum víða meðan við lifðum, og ýmsar ættir.

*Það eru einhverjar sagnir frá Indlandi, um ykkur, á það við rök að styðjast ?*

Það blandast saman önnur goðsögn, en nokkrir ættingjar fóru síðar þangað.

*Já já takk. En hvað með Norðurlöndin og hingað til Íslands ?*

Jaá það er tengt Musterisriddurum og ýmsu, það er nokkuð flókin saga og jafnvel landnámi Íslands, en verð að fara út í það nánar síðar.

*Við þökkum þér fyrir þetta.*

Já, ánægjulegt að koma þessu að, ég kveð þá að sinni, þakka fyrir mig, verið þið sæl og blessuð.

*Vertu sæl og takk fyrir komuna.*